

Sp. 105. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]
um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Árni Johnsen, Björn Dagbjartsson,
Eggert Haukdal, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson,
Friðjón Þórðarson, Friðrik Sophusson, Gunnar G. Schram,
Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson, Pálmi Jónsson,
Pétur Sigurðsson, Salome Þorkelsdóttir, Valdimar Indriðason,
Þorsteinn Pálsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, og ekki síst kjarnorkuveldin, sameinist um raunhæfa stefnu í afvopnunarmálum, sem leitt geti til samninga um gagnkvæma og alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela utanríkisráðherra að láta gera úttekt á þeim hugmyndum, sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, með sérstöku tilliti til legu Íslands og aðildar þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmalaflokkanna um sameiginlega stefnu í þessum málum.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd. Henni fylgdi þá svofelld greinargerð:

Meiri samstaða ríkir nú en oft áður um stefnuna í öryggismálum Íslands. Grunnþættir hennar eru aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfið við Bandaríkin. Hugmyndir hafa komið fram um aukna þátttöku Íslands í eigin vörnum innan þessa ramma og eru umræður um þær alkunnar. Á öryggismálum eru tvær hliðar, ef þannig má að orði komast: annars vegar sú er lýtur að því að tryggja öryggið með varnarviðbúnaði og hins

vegar sù er lýtur að afvopnun og takmörkun vígbúnaðar. Til marks um það, hve þessir þættir eru nátengdir, er ákvörðun utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins frá 12. desember 1979 um endurnýjun á meðallangdrægum kjarnorkuvopnabúnaði á vegum bandalagsins í Evrópu og að teknar verði upp viðræður um niðurskurð slíkra vopna í álfunni.

Á Alþingi hafa á undanförunum áratugum komið fram ýmsar tillögur um afvopnunarmál og takmörkun vígbúnaðar. Það er einkenni þessara tillagna, að rökstuðningur fyrir þeim byggist fremur á óskhyggju en raunsæju mati á vænlegum leiðum. Flestar bera tillögurnar þess og merki, að þær eru af erlendum uppruna og taka ekki beinlínis mið af innlendu mati og íslenskum öryggishagsmunum. Allir eru sammála um það, að varhugavert sé að láta óskhyggju ráða ferðinni í umræðum um stríð og frið. Eftir því sem innlend þekking á herfræðilegum þáttum hefur aukist hefur samstaða um stefnu þjóðarinnar í öryggismálum vaxið. Æskilegt er að sama þróun verði í afstöðunni til afvopnunarmála. Á því sviði þurfa að liggja fyrir skýrir og þaulhugsaðir kostir.

Friðarumræðurnar, sem sett hafa verulegan svip á stjórnmalalíf á Vesturlöndum undanfarin misseri, snúast í raun um það, með hvaða hætti á að takmarka vígbúnað og skera niður vopnakerfi. Um þessi mál er rætt hvarvetna þar sem stjórnmalamenn og stjórnarereindrekur hittast á alþjóðavettvangi. Íslendingar hafa lítið sem ekkert látið að sér kveða á þessu sviði, enda lítið verið stuðlað að mótun sameiginlegrar stefnu í þessum málum. Venjulega láta Íslendingar sér nægja að benda á það, að þeir séu vopnlaus þjóð og meiri afvopnunarinnna sé ekki unnt að finna. Svo einfaldar röksemdir duga ekki lengur, hvorki í umræðum innanlands né utan. Það þarf að móta markvissa og samræmda stefnu Íslands í afvopnunarmálum þar sem tekið er mið af íslenskum hagsmunum. Forsenda þess, að slík stefna verði mótuð, er sú alhliða úttekt sem hér er hvatt til að gerð verði.

Það vekur athygli, þegar lesið er erindisbréf Öryggismálanefndar sem skipuð var á grundvelli samkomulags milli Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks haustið 1978, að þar er hvergi vikið beint að afvopnunarmálum þótt nefndinni sé að vísu falið að fjalla um „hugmyndir um friðlýsingu, friðargæslu og eftirlit á Norður-Atlantshafi“. Afvopnunarmál spanna miklu víðtækara svið en þetta, eins og fram kom til dæmis á aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sumarið 1982 og til umræðu var á Madrid-ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu. Í hvorugu tilviki hafa Íslendingar kynnt hugmyndir um afvopnun eða takmörkun vígbúnaðar sem byggðar eru á þeirra eigin mati og niðurstöðum. Íslendingar eiga óbeina aðild í gegnum Atlantshafsbandalagið að viðræðunum í Vínarborg um jafnan og gagnkvæman samdrátt venjulegs herafla í Mið-Evrópu (MBFR-viðræðurnar), og á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hafa þeir einstakt tækifæri til að fylgjast með viðræðum Bandaríkjamanna og Sovétríkjanna í Genf annars vegar um niðurskurð langdrægtra kjarnorkuvopna (START) og hins vegar um niðurskurð meðallangdrægtra kjarnorkuvopna (INF). Hins vegar liggur ekkert fyrir um það í opinberum umræðum hér á landi, hvaða áhrif þessar viðræður hafa beint á stöðu Íslands. Fram hafa komið athyglisverðar hugmyndir um takmörkun vígbúnaðar í hafinu, meðal annars þess efnis, að eldflaugakafbátar búnir langdrægum eldflaugum fái griðastað á afmörkuðum hafsvæðum. Þessar hugmyndir hafa lítt eða ekkert verið kynntar hér á landi og þannig mætti áfram telja.

Í Öryggismálanefnd sitja fulltrúar allra þingflokka. Nefndin hefur ekki tillögurétt samkvæmt erindisbréfi sínu, heldur á hún að afla gagna og gefa út álitserðir um öryggismál íslenska lýðveldisins. Ekki væri óeðlilegt, næði sú tillaga, sem hér er flutt, fram að ganga, að utanríkisráðherra fengi Öryggismálanefnd til að semja þá skýrslu sem í tillögunni er getið. Við það starf mundi einnig reyna á samstöðu stjórnmalaflokkanna og stuðning þeirra við frekari framgang málsins.